



BJARNI AMTMAÐUR THORSTEINSON

»FAÐIR« STYKKISHÓLMS

Bjarni Þorsteinsson, sem síðar tók upp ættarnafnið Thorsteinson, fæddist á Sauðhúsnesi í Álftaveri 31. mars 1781, hann lést 3. nóvember 1876. Foreldrar hans voru Þorsteinn Steingrímsson (1732-1794) síðast bóndi í Kerlingardal bróðir séra Jóns Steingrímssonar Eldklerks og Guðríður Bjarnadóttir (1736-1811) Nikulásar sýslumanns. Kona Bjarna var Þórunn Hannesdóttir (1794-1886). Foreldrar hennar voru Hannes Finnsson biskup og Valgerður Jónsdóttir. Synir Bjarna og Þórunnar voru Finnur Vilhelm (f. 1822) lögfræðingur í Danmörku, Árni (f. 1828) sýslumaður Snæfellinga 1856-1861, alþingismaður og landfógeti og Steingrímur (f. 1831) skáld og rektor Lærða skólans. Bjarni var amtmaður í Vesturamti 1821-1849 og var jafnframt settur stiftamtmaður og amtmaður í Suðuramti 1823-1824 og 1825-1826.

Bjarni lauk stúdentsprófi frá Hólavöllum árið 1800 og lögfræðiprófi frá Hafnarháskóla árið 1807. Bjarni gegndi ýmsum embættum í Kaupmannahöfn áður en hann flutti aftur heim til Íslands. Hann var skipaður amtmaður í Vesturamtinu árið 1821 og sat hann á Arnarstapa. Embættið hafði áður haft aðsetur í Stykkishólmi en forveri Bjarna, Stefán Stephensen flutti embættið frá Stykkishólmi að heimili sínu að Hvítárvöllum. Bjarni hlaut lausn úr embætti amtmanns vegna sjóndepru árið 1849 og fluttist þá til Reykjavíkur. Hann sat í embættismannanefnd sem undirbjó endurreisn Alþingis (1839-1841) og var fyrsti forseti þingsins þegar það var endurreist árið 1844. Hann var konungkjörinn alþingismaður 1845-1846.

Bjarni var meðal stofnenda Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn árið 1816 og forseti Kaupmannahafnardeildarinnar árin 1816-1819 og 1820-1821. Hann stundaði ýmis ritstörf og skrifaði meðal annars ævisögu sína, sem birtist í *Tímariti Bókmenntafélagsins* árið 1903 og var endurprentuð í *Merkir Íslendingar* (1962-67). Bréfasafn hans er einnig gríðarlegt að vöxtum og varðveitt á Landsbókasafni.

Bjarni hafði gífurleg áhrif á þróun Stykkishólms sem stjórnarsýslumiðstöðvar og aðalmiðstöðvar verslunar og þjónustu við Breiðafjörð, m.a. með stofnun Amtsbókasafns, apóteks, embættis héraðslæknis sem og störf sýslumanns. Hann hefur m.a. verið kallaður faðir Stykkishólms vegna áhrifa sinna.

Eftirmaður Bjarna amtmanns Thorsteinsonar var Páll Þórðarson Melsteð sem var áður sýslumaður Árnesinga og nýskipaður konungsfulltrúi á þingi. Á Alþingi hafði verið samþykkt að fara þess á leit við konung að skylda amtmann í Vesturamti til búsetu í Stykkishólmi og var það fyrirkomulag þaðan í frá. Segir í nefndaráliti um staðsetningu amtmannsembættisins:

[Æ]tlum vér hentugastan staðinn í Stykkishólms kauptúni í Snæfellssýslu, því milli þessa kauptúns og allra héraða umdæmisins eru samgaungur tíðastar, nærfellt allt árið, því þar er læknir og lyfsölumaður búsettur auk verslunarinnar, sem þar heitir vera en mesta og fjölsóttasta í umdæminu, líka getum vér til, að svo kunni að fara, að þar verði aðalkauptún vesturfjórðungsins, komist verzlunin í annað horf. Til Stykkishólms eru líka samgaungur frá Reykjavík einna tíðastar, er oss þykir mikið varða (úr *Tíðindum frá Alþingi* 1849, bls. 345).

Í embættistíð Bjarna jókst hróður Stykkishólms til muna og má þakka Bjarna það mikið.

MIÐSTÖÐ HEILBRIGÐISMÁLA Í STYKKISHÓLMI

Á 19. öld færðist í vöxt að embættismenn konungs ættu aðsetur í þéttbýli fremur en í sveit. Stjórnvöld ákváðu að Stykkishólmur yrði miðstöð opinberra stofnana og embætta sem þjónuðu stóru svæði. Réð lega kaupþúsins þar miklu um enda átti staðurinn langa sögu verslunar og samgangna. Bjarna amtmanni Thorsteinsyni ber þó kannski helst að þakka að Stykkishólmur varð fyrir valinu sem miðstöð Vesturlands en hann hafði ráðlagt stjórnvöldum að horfa til kaupstaðarins.

Um miðbik aldarinnar varð Stykkishólmur því miðstöð heilbrigðismála á Vesturlandi. Árið 1838 var stofnað apótek í kaupþúinu sem átti að þjóna Vesturlandi og tveimur árum síðar tók héraðslæknir upp fasta búsetu í Stykkishólmi. Þeirra fyrstur var daninn Georg Kofoed. Bjarni amtmaður hafði mikið um þessa þróun að segja. Hann þeyttist seint á að benda stjórnarherrum í Kaupmannahöfn á að brýnt væri að stofna apótek í Vesturamti því á þessum tíma var héraðslæknum iðulega gert að „dispensera“ sjálfir meðul. Þeir höfðu þó sjaldan nægilegt fé til að flytja inn það magn af meðulum sem þurfti. Auk þess skorti þá oft hentug húsakynni, áhöld og jafnvel kunnáttu til slíkra starfa. Beindi Bjarni því sjónum þeirra til Stykkishólms og sagði m.a.: „Þessi staður, Stykkishólmur, er einmitt u.þ.b. í miðju amtsins og er helsta miðstöð samgangna innan þess. Mikill hluti amtsbúa sækir hingað verslun og við staðinn eru samgöngur á sjó og landi vetur og sumar [...]“ (úr bréfi Bjarna Thorsteinsonar til kancellísins 31. 12. 1834).

Stykkishólmsapótek var stofnað með konungsúrskurði þann 26. maí 1838. Fyrsti apótekarinn sem starfaði þar var Börge Elias Bernhoff Jacobsen frá Holbæk í Danmörku en sá síðasti Ingimundur Pálsson. Sá apótekari sem lengst starfaði hjá Stykkishólmsapóteki var Carl Emil Ole Möller. Hann var apótekari frá 1865 til 1901. Árið 2003 keypti Lyfja Stykkishólmsapótek.



Carl Emil Ole Möller

Lækningaraðferðirnar verða að teljast ólíkar þeim sem við þekkjum í dag, sér í lagi lyflækningar. Þau lyf sem héraðslæknirinn ávísaði sjúklingum sínum veka sjálfsagt undrun í dag; styrkjandi dropar, kælandi púlver, plástrar, salvar, baðvatn, laukdropar, hjartastyrkjandi dropar, höfuðvatn, laxerolíuskammtar, Hoffmannsdropar, kamfórudropar, gúmmíplástrar, Rerov pillur, Kínadropar, urtir, mixtúrur, myrrudropar, biturt te, helvítissteinn og þorskalýsi. Það þótti því ómetanleg aðstoð fyrir lækni að hafa aðgang að manni sem þekkti til lyfja og sjúkdóma. Á þessum árum gerði alþýðan þó lítinn greinarmun á læknum og apótekerum og snéri fólk sér því gjarnan beint til apótekarans og fékk lyf án milligöngu læknis. Framan af var starf apótekarans í Stykkishólmi varla fullt starf enda var heimild Jacobsens æði víðtæk og fékk hann leyfi til reksturs verslunar og gestgjafahúss samhliða apótekinu. Verslunin varð aldrei mikil en ölkráin varð griðastaður heldri manna á svæðinu og hittust þeir iðulega þar til að spila og ræða málin enda var Jacobsen vel liðinn vestra af Dana að vera og fór vel á með honum og borgurum í Hólminum.

ÍSLANDS VESTURAMTSINS ALMENNA BÓKASAFN

Talsmenn viðreisnar og framfara í anda upplýsingarinnar töldu fátt mikilvægara en að auka fræðslu og menntun landsmanna, hvort tveggja heldri manna og alþýðunnar. Á síðari hluta 18. aldar og í upphafi þeirrar 19. voru víða um land stofnuð lestrafélög og bókasöfn. Áttu þau m.a. að örva menn til framfara og framkvæmda.

Árið 1827 stofnaði Grímur Jónsson amtmaður bókasafn fyrir Norður- og Austur-antið sem hafði aðsetur á Akureyri. Líklegast þykir að Bjarni Thorsteinson hafi haft bókasafn Gríms sem fyrirmynd þegar hann fór að ráðgera stofnun amtsbókasafns í Vesturamti. Það verður einnig að teljast líklegt að metnaður fyrir amtinu sínu hafi rekið Bjarna áfram. Bjarni leit nefnilega á Landsbókasafnið sem safn Suðuramtsins og með safni Gríms hafði Norður- og Austuramtið eignast sitt safn. Amtið hans Bjarna mátti ekki minna vera og hófst hann því handa við að koma á fót bókasafni. Bjarni fékk í lið með sér séra Pétur Pétursson prófast á Staðarstað og síðar biskup.

Þegar séra Pétur fór utan til Danmerkur árið 1840 að semja doktorsritgerð sína sendi Bjarni honum bréf þar sem hann lýsti fyrirætlunum sínum um Vesturamtssafn og bað hann Pétur um aðstoð og um leið að safna bókum ytra. Á meðan þeir félagar söfnuðu bókakosti fyrir fyrirhugað safn stofnuðu séra Jón Guðmundsson á Helgafelli og Árni Thorlacius, sem þá var hreppstjóri, fyrsta lestrafélag alþýðu á Íslandi. Félagið starfaði þó stutt. Árni var mikill talsmaður þess að „útbreiða lestralystina og þar ættu prestar og hreppstjórar að hafa forgöngu” eins og hann skrifaði Jóni Sigurðssyni til Kaupmannahafnar (úr bréfi Árna Thorlacius til Jóns Sigurðssonar 8. 9. 1841). Vildi hann að hver sveit ætti sitt eigið bókasafn með „gagnlegum bókum”. Hann skrifaði Jóni einnig um fyrirhugað Amtsbókasafn en taldi það lítið gagnast bændum ef þar yrðu einungis danskar bækur. Vandinn var samt sá að þær bækur sem áttu að bæta verkmenningu Íslendinga og stuðla að fræðslu og almennum framförum voru miklu heldur á dönsku en íslensku. Framfarasinnar tóku á þessu með ýmsum hætti. Ólafur Sívertsen í Flatey beitti sér fyrir frekari dönskukennslu meðal sóknarbarna sinna og Árni Thorlacius þýddi og staðfærði verk um sjómannafræði og samskipti bænda og hjúa.

Bókasafninu var valinn staður í Stykkishólmi og taldi Bjarni mörg rök hníga að því að það væri besta staðsetning bókasafnsins.




Norska húsið

Fyrir þetta, af okkar áformaða, amtsbókasafn álitum við engan stað eins hentugan og verzlunarstaðinn Stykkishólm í Snæfellsýslu, bæði vegna þess, að þar er vön að vera allfjöldmenn kaupstefna, ekki einungis úr þeirri sýslu, heldur einnig úr allri Dalasýslu og úr suðurparti Barðarstrandarsýslu og útnorðurparti Mýra- og Hnappadalssýslu, sem og hins, að þangað og þaðan eru jafnan ferðir vegna apóteksins víðs vegar frá amtinu. Þar sýndist því hægast fyrir almenning að ná til bókanna og skila þeim aftur. Í Stykkishólmi og eigi alllangt þaðan búa líka fleiri menntaðir menn en á nokkrum öðrum stað hér vestra, svo ekki þarf að kvíða neinni sérlegri torveldni á því, að bókasafni yrði þar nokkurn veginn vel stjórnað og nauðsynleg tilsjón höfð með viðhaldi þess, helzt ef svo skyldi fara, sem alls ekki er ólíklegt, að amtmaður Vestfirðinga fyrir hægðar sakir í mörgu tilfelli, seinna meir, settist að í Stykkishólmi eða þar nálægt (úr *Vestlendingar* 1993, bls. 171 III bindi).

Söfnun Bjarna og Péturs á bókarkosti fyrir fyrirhugað bókasafn gekk ágætlega og komu bækurnar víða að þótt þeir hefðu gjarnan viljað að söfnunin gengi greiðar. Þegar hið Mölleríska Geistlega Lestrafélag lagðist af gaf biskup leyfi fyrir því að Vesturamtsbókasafnið fengi bækurnar - sem töldust að vísu helst „biblíunnar bækur”. Bókagjöfinni, sem taldi 28 bækur, fylgdu þó einnig *Íslendingasögurnar* sem Norræna fornfræðifélagið hafði gefið út og þótti það mikill fengur. Pétur safnaði einnig bókum frá Danmörku og komu þær til Stykkishólms með skipi þann 2. júní 1841. Á meðan Pétur safnaði bókakosti ytra biðlaði Bjarni til Árna Thorlaciusar hreppstjóra að verða bókavörður hins nýstofnaða Amtsbókasafns og ljá því einnig húsnæði í Norska húsinu. Það gerði Árni og gott betur því hann lét óumbeðinn og á sinn kostnað smíða skáp undir bækurnar. Árið 1882 var safninu komið fyrir í herbergi í nýsmíðuð fangahúsi í Stykkishólmi. Húsið stóð við sýsluvegin er lá um Þinghúshöfða.

Þótt Bjarni og Pétur hafi safnað bókum yfir nokkuð tímabil er yfirleitt miðað við að Amtsbókasafnið í Stykkishólmi hafi verið stofnað árið 1847 en þá kom fyrsta skýrsla safnsins út. Hét safnið þá Íslands vesturamts almenna bókasafn.



STYKKISHÓLMUR »STAÐUR Í ALFARALEIÐ«

Á síðari hluta 19. aldar varð fyrsta verulega vaxtarskeið þéttbýlis á Íslandi. Stærri þéttbýlisstaðir urðu miðstöðvar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og samgangna. Reykjavík, sem áfram hélt að vaxa og dafna, var nú ekki lengur eini kaupstaður landsins. Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður stækkuðu ört og öðluðust kaupstaðarréttindi. Fleiri þéttbýliskjarnar fylgdu í kjölfarið, s.s. Hafnarfjörður, Ólafsvík og Bolungarvík. Á Vesturlandi stækkaði Stykkishólmur eins og aðrir þéttbýlisstaðir og um miðja 19. öld má segja að þorpið hafi verið orðið miðstöð Vesturlands. Staðurinn þótti hentugt aðsetur fyrir opinberar stofnanir sem þjóna áttu amtinu og íbúum þess m.a. vegna þess að samgöngur voru góðar til og frá Stykkishólmi.

Í nær veglausu landi sem Ísland var á þessum árum hömluðu erfiðar samgöngur mjög samskiptum fólks og verslun. Valdi fólk þess vegna gjarnan báta sem samgöngumáta enda voru siglingar oft og tíðum greiðfærasti ferðamátinn. Höfnin í Stykkishólmi var í raun ein helsta forsenda þess að þar þreifst þéttbýli. Innsiglingin var vissulega vafasöm en höfnin þótti örugg. Samgöngur á sjó

frekar en á landi var eitt helsta einkenni verslunar og þjónustu í Stykkishólmi. Mikið líf var oft á höfninni og kom jafnvel fyrir í kauptíð að þar lægi hálf tylft skipa. Stundum var jafnvel svo mikið um að vera að smærri skip þurftu að leggja að í Maðkavík þegar lítið rými var á aðalhöfninni.

Póstferðir voru einkum tengdar embættum á Íslandi enda embættisfærslur stór þáttur í starfi embættismanna. Mikilvægt var því fyrir embættismenn að vera í tengslum við aðra embættismenn í landinu sem og við stjórnarherrana í Danmörku. Vestanpóstur var lengi vel starfræktur í Stykkishólmi en þegar Bogi Thorarensen amtmaður flutti tímabundið amtskrifstofu sína að Staðarfelli hóf vestanpósturinn að sniðgangna Hólminn. Var það mikið áfall fyrir fólk í Hólminum. Tóku menn þá til þess ráðs að senda sjálfir eftir póstinum suður, réðu þeir í verkið Alexander Magnússon, ferðagarp mikinn. Reyndar réðu embættismenn og kaupmenn gjarnan sérstaka sendiboða til að fara með eða sækja mikilvæg bréf. Þannig má segja að reglubundnar en stopular opinberar póstsamgöngur hafi gert 19. öldina að öld sendiboðans, allt fram á þá 20. þegar ritsímminn kom í Hólminn árið 1912.

Árið 1876 markar tímamót í sögu samgangna á Íslandi en þá hófust fastar ferðir gufuskipa í kringum landið, svokallaðar strandferðir. Í fyrsta sinn í sögu landsins var hægt að ferðast greiðlega landshluta á milli. Í upphafi var Diana, breytt herskip, notað í strandsiglingarnar. Skiptar skoðanir voru þó um siglingarnar, sem lítt voru sniðnar að helstu notendum þeirra (þingmenn, námsmenn og kaupafólk). Þótti fólki tíðni ferða og tímasetningar afar óhentugar. Stjórnvöld höfnuðu fjölgun ferða og báru við kostnaði en margir töldu þó að fremur væri verið að gæta hagsmuna kaupmanna. Landsmenn gátu nefnilega nú skipt beint við erlenda verslunarmiðlara sem komu vörunum á póstskip til Íslands, þaðan fóru vörunar svo á strandferðaskipin. Þótti mönnum nóg um hátt verðlag kaupmanna á erlendri vöru. Gagnrýndu menn einnig hart áætlun skipanna er vörðuðu Stykkishólm en þar stóð að ekki þyrftu skipin að koma inn „nema vindur og veður leyfi“. Sigldu skipin því oft fram hjá Breiðafirði þótt Hólmurum sýndist vel sjófært í firðinum. Ekki verður þó deilt um að strandferðasiglingarnar voru Stykkishólmi mikill fengur og styrktu þær þorpið enn frekar í sessi sem aðal samgöngumiðstöð Vesturlands þegar Hólmurinn varð fastur viðkomustaður strandferðaskipa. Heimsóknir í bænum jukust t.d. mikið, jafnvel svo að Eiríkur Kúld líkti gestaganginum við ánaud. En það sem siglingarnar breyttu helst fyrir landsmenn voru póstsamgöngur. Í fyrsta sinn var hægt að senda póst stóran hluta ársins með öruggum hætti. Það auðveldaði ráðamönnum og heldri borgurum Stykkishólms mjög störfín.



STYKKISHÓLMUR Í AÐDRAGANDA FULLVELDIS

Rekja má byggð og búsetu í Stykkishólmi til þess tíma er kaupmenn settust þar fyrst að árið 1596 og hófu verslunarrekstur. Var verslun lengi vel aðal atvinnuvegur þeirra sem bjuggu í Stykkishólmi. Fyrsti vísir að atvinnuskiptu þéttbýli tók að myndast í Stykkishólmi um miðja 19. öld. Þar varð athvarf iðnaðarmanna og annarra handverksmanna sem og búlausra kvenna og fjölskyldna er vildu reyna að komast hjá vinnumennsku eða hjáleiguhokri. Þar hafðist einnig við lausamennskufólk sem bændur nýttu á annatímum og sjávarbændur á vertíð. Helsti atvinnuvegur á ofanverðri 19. öld var landbúnaður líkt og víðast hvar á landinu. Sjávarútvegur var þó að sækja í sig veðrið og hafði þilskipaútgerð, sem hafði verið aflögð í upphafi þessa tímabils, verið endurreist undir lok aldarinnar. Útgerðin var á þessum tíma alfarið í höndum kaupmanna og tengdist þannig verslun og sjávarútvegur nánum böndum eins og löngum síðar. Afkoma almennings var sveiflukennnd og stóran hluta árs voru fyrirvinnur fjarri heimili. Um aldamótin 1900 voru íbúar í Stykkishólmi um 300 og hafði fjölgað mjög frá árinu 1850 þegar þeir voru um 100. Plássið hélt áfram að stækka og árið 1918 hafði íbúum fjölgað um meira en helming og voru þá 628.

Það sem einkenndi einna helst Stykkishólm á 19. öld var hin reisulega þyrping timburhúsa. Þótt Stykkishólmur hafi ekki verið jafn stór og Ísafjörður og Akureyri gerði aðsetur embættismanna Hólminn ef til vill líkari slíkum kaupstöðum en sjávarþorpum nær Stykkishólmi að stærð. Stykkishólmur hafði yfir sér danskt yfirbragð á 19. öld. Verslun var í höndum Dana og um skeið voru þar starfandi danskur læknir og lyfsali

Í kauptúninu mynduðu embættismenn, heldri borgarar, verslunarmenn og handverksmenn áhrifahóp sem gat stundað félagsmenningu að erlendum sið. Þeir komu á fót ýmsum félögum og klúbbum og stóðu einnig fyrir dansleikjum. Þessi hópur stóð einnig fyrir leiksýningum og eftir að kirkja var reist í Stykkishólmi spratt upp félag í kringum hana er sinnti söng- og leiklist af miklum dug. Heldri konur í Stykkishólmi áttu einnig stóran þátt í eflingu menningarlífs bæjarins með t.d. byggingu kirkjunnar og síðar skólahaids á staðnum.

Þrátt fyrir að danskra menningaráhrifa gætti í Stykkishólmi bjuggu þar margir af helstu stuðningsmönnum Jóns Sigurðssonar. Ber þar að nefna Eirík Kúld (1822-1893), Egil Egilsson (1829-1896) og feðgana Árna (1802-1891) og Daníel Thorlacius (1828-1904). Tengsl þessara manna voru mikil en Egill var bróðir Þuríðar (1823-1899), konu Eiríks Kúld. Fyrri kona Egils var Anna María Guðrún Árnadóttir Thorlacius, (1829-1862), dóttir Árna Thorlacius og konu hans Önnu Magdalene Steenbach (1808-1894). Tveimur árum eftir lát Önnu Maríu Guðrúnar, kvæntist Egill alsystur hennar, Ólínu Ágústu Thorlacius (1831-1881). Egill lét reisa Egilshús árið 1867, síðar keypti Daníel Thorlacius húsið. Eiríkur og Þuríður létu reisa hús í Stykkishólmi árið 1868. Það var byggt úr viðum húss er þau létu fyrst reisa í Flatey árið 1848 og síðan á Þingvöllum í Helgafellssveit árið 1860. Húsið gengur í daglegu tali undir nafninu Kúldshús. Árni Thorlacius lét reisa Norska húsið í Stykkishólmi árið 1832. Öll eru þessi hús uppistandandi í dag og eru mikil bæjarprýði.

Voru þeir allir í bréfasambandi við Jón og hafa mörg þessara bréfa varðveist. Má lesa stuðningsyfirlýsingar í mörgum bréfanna og ósvikið danahatur úr sumum bréfa Egils og Daníels til Jóns. Vissulega töluðu þó ekki allir í Stykkishólmi máli Jóns því amtmennirnir Páll Melsteð (1791-1861) og Bergur Thorberg (1829-1886) voru konungssinnar og töluðu þeir máli konungshollra á þingi og töldust því báðir hægfara umbótamenn. Máttu þeir jafnvel þola hróp og köll á götum fyrir vikið.

ALÞINGISMENN Í STYKKISHÓLMI

Alþingi var endurreist árið 1844. Hið endurreista Alþingi var ráðgjafarþing einvaldskonungs og starfaði nokkrar vikur að sumarlagi, annað hvert ár. Þingið fjallaði um frumvörp er danskir stjórnarherrar sömdu en gat jafnframt sent bænaskrár til konungs og farið fram á lagasetningar og aðgerðir. Almennigur gat sent bænaskrár til þingsins í von um að þingmenn brygðust við. Einungis lítill hluti þjóðarinnar hafði kosningarétt og kjörgengi og var það bundið við þá „er fasteign halda í landinu“. Jafnframt skyldu menn hafa óflekkað mannorð og hafa náð 25 ára aldri til að kjósa en kjörgengir þurftu að hafa náð þrjátíu ára aldri. Konur höfðu hvorki kosningarétt né kjörgengi. Einungis kristnir menn voru kjörgengir.




Eiríkur Kúld

Um miðbik 19. aldar var Stykkishólmur orðinn miðstöð sjórnsýslu er amtmáður í Vesturamti tók þar fasta búsetu. Síðar átti sýslumaður einnig eftir að taka upp aðsetur í þorpinu. Í Stykkishólmi bjuggu einnig nokkrir kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi. Þar má nefna Egil Egilsson, Holger Clausen (1831-1901) og Sigurð Jónsson sýslumann. Séra Eiríkur Kúld var þingmaður Barðstrend-inga, en hann var búsettur í Stykkishólmi sinn þingferil. Áður hafði hann setið á þingi sem varaþingmaður Snæfellsnessýslu og var þá búsettur í Flatey. Eiríkur var einn þeirra er lengst vildi ganga í endurheimt sjálfstæðisréttinda úr höndum Dana. Páll Melsteð

og Bergur Thorberg sátu einnig á þingi, Páll sem konungsfulltrúi og Bergur sem konungskjörinn þingmaður.

Árni Thorlacius (1802-1891) gerðist eindreginn fylgismaður Jóns Sigurðssonar, sérstaklega á síðari árum er hugur hans beindist í auknum mæli að þjóðmálum, endurreisn Alþingis og verslunarmálum, segir m.a. í bréfi frá honum til Jóns:

Það hefur heirst hingað að þér munduð verða valinn fyrir Ísafjarðarsýslu. Drottinn gefi því orði sigur því alþingismenn þurfa að hafa góðan oddvita móti embættismönnum sem líklega allir munu draga taum stjórnarinnar eins og vant er á móti okkur bændunum og hver væri þar betur fallinn allra hluta vegna en þér. Það er að segja ef kringumstæður yðar leyfðu það. Það væri skömm fyrir okkur landa yðar ef við ekki veittum yður góða fylgd (úr *Jón Sigurðsson. Ævisaga II* eftir Guðjón Friðriksson, bls. 296-297).



Árni Thorlacius

Þessi orð ritaði Árni fyrir væntanlegar alþingiskosningar árið 1844. Var Jón þegar orðinn foringi bænda gegn embættismönnum á þessum tíma og myndast hafði allsterk hreyfing í kringum hann um allt land.

Árni var löngum fyrst nefndur þegar menn freistuðu þess að finna þingmannsefni Snæfellinga og var hann var kosinn til þings árið 1844. Sjálfur hafði hann ekki sóst eftir sæti og svo fór að hann settist aldrei á þing. Bar hann við erilsömum störfum við verslun og aðra umsýslu. Árni sá um jarðeignir konungs á árunum 1848-1882 í Stapa-umboði og Skógarstrandaumboði 1863-1882, þá orðinn áttæður að aldri,

Varðandi þingmennskuna hafði hann á orði við Jón Sigurðsson að sig langaði „svo margt til að geta tekist þetta starf á hendur“, auk þess sem þingið fór fram í júlí sem hentaði illa fyrir bændur og þá sem störfuðu við verslun. Þrátt fyrir að vera eindreginn stuðningsmaður Jóns voru þeir á öndverðum meiði um sjálfan alþingisstaðinn. Taldi Árni hinn forna þingstað á Þingvöllum sjálfsagðan og hentugri en Reykjavík fyrir margra sakir, ólíkt Jóni. Eftir þjóðfundinn árið 1851 minnkaði Árni afskiptin af þjóðmálum. Samvinna þeirra Jóns hélt þó áfram á sviði vísinda og fræða, m.a. innan veggja Bókmenntafélagsins. Síðar tók Daníel Thorlacius, sonur Árna, upp þráðinn í pólitískri baráttu fyrir skoðunum og stefnu Jóns Sigurðssonar.

ALÞINGISMENN Í STYKKISHÓLMI

Bergur Thorberg, Eiríkur Kúld og Egill Egilsson voru allir búsettir í Stykkishólmi árið 1869 og kjörnir á þing. Jafnframt var Daníel Thorlacius varaþingmaður. Hann og Egill Egilsson töldust til Geirunga, hinnar róttæku Þjóðvinafélagsdeildar í Kaupmannahöfn sem hvað harðast studdi stefnu Jóns Sigurðssonar. Í þeim félagsskap voru einkum yngri stuðningsmenn Jóns. Geirungar rituðu m.a. harðorðar greinar um stefnu dönsku stjórnarinnar.



Daníel Thorlacius

Barátta fyrir stjórnarumbótum hafði breyst í sjálfstæðisbaráttu hjá mörgum Íslendingum. En á sama tíma styrktist flokkur þeirra sem töldu mikilsverðum áfanga náð með löggjafarvaldi og fjárforræði. Þeir vildu stefna að hægfara umbótum hérlendis. Á næstu áratugum breikkaði því gjáin á milli þeirra sem hægjar vildu fara í sakirnar og þeirra sem hvað róttækastir voru. Í þeirra hópi var Daníel Thorlacius. Á eina þinginu sem hann hélt ræðu talaði hann einarðlega gegn frumvörpum Danastjórnar.



Egill Egilsson

Egill Egilsson var harður andstæðingur Danastjórnar og í mótmælum gegn stöðulögunum, sem byggðust á því að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti af Danmörku, ákvað hann að endurvekja Þórsnesfund í upprunalegri mynd. Var fundurinn settur „að hinum forna þingstað Þórsnesinga“ Þingvöllum 31. júlí 1871. Á fundinum var m.a. samþykkt bænaskrá til Alþingis um „stjórnarbotamál Íslands“ og áskorun til þingsins um að mótmæla stöðulögunum. Var nú Þórsnesfundur á ný orðinn tæki til að koma á framfæri skoðunum þjóðfrelsisinna.

Setning stöðulaga, er ákvörðuðu stöðu Íslands gagnvart Danmörku, hratt af stað nýrri bylgju róttækni er náði hámarki vorið 1873. Þá stóðu meðal annars

Daníel Thorlacius og Egill Egilsson fyrir táknrænum mótmælum gegn skipun landshöfðinga. Skammt sunnan við verslunarstaðinn var hlaðin varða í líkingu við Skólavörðuna og var á henni flaggstöng þar sem flaggað var á hátíðarstundum. Nú bar svo við að 1. apríl fundust sex hrafnar hangandi í flaggstönginni og var einn hálsbrotinn.

Sigurður Jónsson (1851-1893) fóstursonur Jóns og Ingibjargar var sýslumaður Snæfellinga árin 1878-1893. Hann var systursonur Jóns og tóku þau Ingibjörg hann átta ára gamlan í fóstur. Sigurður varð þingmaður Snæfellinga árið 1886. Hann var þá aðeins 35 ára að aldri. Hann afsalaði sér þó þingmennsku árið eftir. Hann skrifaði Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal árið 1886 og sagði til útskýringar: „þeir sem verða að stunda eins örðugt embætti og þessi blessuð Snæfellsnes-sýsla hafa ekki tíma til að gjöra neina sérlega fígúru á Alþingi“ þess vegna geti menn ekki gert sér miklar vonir um sig sem þingmann Snæfellinga.



Sigurður Jónsson

Sigurður hafði verið í fararbroddi róttækra fylgismanna Jóns Sigurðssonar er mynduðu hina leynilegu Þjóðvinafélagsdeild Atgeirinn og var hann m.a. formaður hennar árin 1875-1878. Jón Sigurðsson taldi heppilegast fyrir Sigurð að nema ráð hinna eldri og reyndari stuðningsmanna sinna. Þegar Sigurður sigldi til að taka við sýslunni ritaði Jón Halldóri Kr. Friðrikssyni yfirkennara og vini sínum:

Sigurður frændi er nú rétt búinn að fá Snæfellsnessýslu. Ef þú getur búið velundir fyrir hann við síra Guðmund [Einarsson] og síra Eirík [Kúld], þakka eg þér fyrir það mikillega, og ekki er að efa, að hann er lækningamaður af fyrstu skúffu. Þú kemur nú til að finna hann í Maí og tala við hann um landsins gagn og nauðsynjar, og eg vona að hann verði gagnsmaður eptir því sem hann getur, en góð ráð þarf hann að fá (úr bréfi Jóns Sigurðssonar til Halldórs Kr. Friðrikssonar).

Sigurður var fyrsti sýslumaðurinn sem reisti sér hús í Stykkishólmi, var það árið 1886. Húsið stóð við sýsluvegin út úr bænum. Áður höfðu ungir embættismenn átt í húsnæðsvanda þar sem dýrt var að reisa hús á verslunarstöðum og þótti það óviss fjárfesting. Fengu sumir þeirra að búa hjá Árna Thorlacius.

Sigurður naut mikillar virðingar meðal sýslubúa og með honum má segja að nýrrar mannúðarstefnu gæti í sýslumannsstörfum og yfirvaldsúrskurðum. Sigurður lést aðeins 42 ára að aldri. Hann var þá búinn að vera sýslumaður Snæfellinga í 15 ár og sat lengur í því embætti en nokkur annar á 19. öld.



STYKKISHÓLMUR Í AÐDRAGANDA FULLVELDIS
JÓN »FORSETI« SIGURÐSSON

Jón Sigurðsson fæddist 17. júní árið 1811 á Hrafnseyri í Arnarfirði á Vestfjörðum. Hann var forseti Kaupmannahafnardeildar Bókmenntafélagsins og hlaut af því viðurnefnið forseti. Jón var eins og flestum Íslendingum er kunnugt, helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld. Í kjölfar þess að Friðrik 7. konungur Danmerkur afsalaði sér einveldi árið 1848 hóf Jón að hvetja landa sína til sjálfstæðishugsjóna. Hann ritaði *Hugvekju til Íslendinga* þar sem hann hvatti Íslendinga til baráttu fyrir sjálfstæði. Greinin birtist í *Nýjum félagsritum* það sama ár. Rök hans voru þau að við afnám einveldisins væri Ísland aftur orðið að sjálfstæðu landi, líkt og fyrir Gamla sáttmála. Á þjóðfundinum árið 1851 lagði því hópur Íslendinga fram mótfrumvarp við frumvarpi Danakonungs um stjórnskipun Íslands. Stiftamtmaður Danakonungs á Íslandi, Jørgen Ditlev Trampe, neitaði frumvarpinu framgöngu en við það brást Jón við og mótmælti framgöngu Trampe. Undir tóku viðstaddir með hinum fleygu orðum „Vér mótmælum allir“. Þessi atburður er talin marka tímamót því þaðan af var Jón Sigurðsson talinn óumdeildur leiðtogi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Jón sigldi til Kaupmannahafnar árið 1833 til að stunda nám við Hafnarháskóla. Hann bjó þar til æviloka þótt hann hafi ósjaldan komið til Íslands eftir það. Hann giftist heitkonu sinni, Ingibjörgu Einarsdóttur, árið 1845. Árið 1841 stofnaði Jón *Ný félagsrit* (1841–1873) en þar birtust hugmyndir og skoðanir Jóns Íslendingum. Jón var greiðagóður og yfirleitt tilbúinn að gera ýmis viðvik fyrir samlanda sína, fyrir vikið varð Jón mjög vinsæll meðal Íslendinga og átti hann stuðningsmenn um allt land.

Jón Sigurðsson lést 7. desember 1879 eftir veikindi. Ingibjörg Einarsdóttir eiginkona hans lést níu dögum síðar og eru þau grafin í Hólavallagarði í Reykjavík. Á gröf Jóns og Ingibjargar stendur broddsúla en á hana er letrað „Stein þenna reistu honum landar hans 1881“.